

L Ö G**um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Hæddrættisskuldabréfin skulu gefin út fyrir 15. maí 1974.

2. gr.

Hæddrættisskuldabréfin, sem eru gefin út til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu.

4. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

5. gr.

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar, svo og verðbætur, undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga skal nema 7% af heildarfjárhæð skuldabréfanna, og ber að draga um þá einu sinni á ári. Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag.

Á hæddrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

7. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu hæddrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar við að ljúka Djúpvegi og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluverði skuldabréfanna.

9. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um lánið með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.